

Aðalfundur Bárunnar, stéttarfélags
haldinn mánudaginn 15. maí 2023 kl.19.00 á Hótel Selfossi

Fundur hófst kl. 19:00.

Formaður félagsins, Halldóra S. Sveinsdóttir, bauð fundargesti velkomna.

1. Kjör fundarstjóra

Formaður gerði tillögu um Jóhönnu Guðmundsdóttur sem fundarstjóra sem var samþykkt samhljóða og tók hún við stjórn fundarins og bauð gesti velkomna

2. Kjör fundarritara

Fundarstjóri gerði tillögu um Fjólu Pétursdóttur, lögfræðing sem fundarritara sem var samþykkt samhljóða. Því næst var gengið til dagskrár.

3. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2022-2023

Formaður Bárunnar, stéttarfélags kynnti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2022-2023. Sérstaklega þakkaði formaður Drífu Snædal, fráfarandi forseta ASÍ fyrir góð störf í þágu hreyfingarinnar. Nokkur fækkun hefur verið á félagsmönnum sl. ár en nú er aftur farið að fjölga verulega, meðaltal greiðandi félaga yfir árið eru 3096. Félagið ætlar að leggja áherslu á vinnustaðaeftirlit á komandi starfsári. Halldóra segir frá Samstarfi minni stéttarfélaga, SMS sem nú er komin nokkur reynsla á og hefur gefist vel. Halldóra þakkaði stjórn og trúnaðarráði gott samstarf og áheyrnina.

Því næst gaf fundarstjóri orðið laust. Fyrirspurn barst varðandi endurskoðun tryggingarmála hjá félaginu og fór Fjóla yfir hvernig farið var yfir tryggingar félagsins og þá lækkan iðgjalda sem fékkst með þeirri endurskoðun. Fyrirspurn barst um vinnustaðaeftirlit og framkvæmd þess og þór fór yfir hversu mikið málum hefur fjölgað í kjölfar vinnustaðaeftirlits. Einnig hefur vinnustaðaeftirlit skilað því að fólk sem er skráð í röngum stéttarfélögum er flutt til réttra félaga. Marta lýsir því hvernig eftirlitið fer fram og mikilvægi þess að vera sýnilegur fyrir félagsfólk á félagssvæðinu. Skýrslan var samþykkt samhljóða. Skýrsla stjórnar fylgir fundargerð þessari sem viðauki 1.

4. Ársreikningur Bárunnar, stéttarfélags fyrir 2022.

Örvar Ólafsson endurskoðandi, forstöðumaður PwC á Suðurlandi, kynnti helstu tölur úr ársreikningi 2021 ásamt áritun endurskoðun, skoðunarmanna og stjórnar Bárunnar, stéttarfélags. Ársreikningi var varpað upp á skjá til skýringar fyrir fundarmenn. Ársreikningurinn var samþykktur á fundi stjórnar félagsins þann 8. maí sl. sem og áritun skoðunarmanna og stjórnar. Ársreikninginn er að finna á heimasíðu félagsins á slóðinni: <https://baran.is/um-okkur/arsreikningar/> Rekstrartekjur þ.e.a.s. iðgjöld og leigutekjur eru 329,9 milljónir. Heildariðgjöld greiðandi félagsfólks hafa hækkað á milli ára og eru 323,8 milljónir en voru 252,5 árið 2021. Greiðandi félagsmenn voru 2.985 í árslok 2022 og gjaldfrjálsir 111, heildarfjöldi var því 3.096. Afkoma fyrir fjármagnsliði er 70 milljónir rúmar á móti 14,5 á árinu 2021 en heildarafkoma ársins er góð eða 69,8 milljónir en var 47,3 árið 2021 þrátt fyrir að ávöxtun eigna var mun minni en árin á undan vegna stöðu á fjármálamörkuðum. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins um 872 milljónir en voru um 800 milljónir árið 2021. Fastafjármunir eru 176,2 milljónir en voru 181 milljón árið 2021. Bókfært eigið fé Bárunnar, hrein eign

er rúmar 860 milljónir samanborið við rúmlega 790 milljónir á árinu 2021. Handbært fé eru tæpar 232 milljónir en voru tæpar 160 milljónir árið áður.

Félagssjóður: Tekjur félagssjóðs voru tæplega 141 milljónir á árinu 2022 en 111,7 milljón árið 2021. Laun og launatengd gjöld hækka á milli ára í 58,5, milljónir á móti 47,7 milljónum á árinu 2021. Eignir hækka úr 431,7 milljónum árið 2021 í 497,7 árið 2022.

Sjúkrasjóður: Greiðsla sjúkradagpeninga voru 77,7 milljónir en voru 91 milljón árið 2021. Sjúkrastyrkir voru 22,6 milljónir samborið við 15,2 vegna 2021 Afkoma fyrir fjármagnsliði er jákvæð upp á 15,7 milljónir en var árið neikvæð upp á riflega 18 milljónir vegna ársins 2021.

Orlofssjóður: Tekjur Orlofssjóðs eru tæplega 50 milljónir en voru 40 í fyrra. Afkoma sjóðsins er 27 milljónir á móti 16 í fyrra. Rekstrargjöld eru svo gott sem þau sömu og árið 2021. Hrein eign 250 milljónir en voru 222 milljónir árið 2021. Sumarhús og íbúðir orlofssjóðs bókfærð eign 130 milljónir.

Vinnudeilusjóður: Staða sjóðsins er 3,5 milljónir en voru 8.5 milljónir árið 2021. Engin iðgjöld. Neikvæð afkoma sjóðsins skýrist af neikvæðri ávöxtun.

Spurt var um fjárfestingarstöðu félagsins og Örvar sagði hana vera varfærnari en áður vegna efnahagsástands og stöðu á fjármálamörkuðum. Spurt var hvar ákvarðanir um fjárfestingar félagsins væru teknar. Halldóra segir stjórn félagsins vera með skýra fjárfestingastefnu, ekki er fjárfest í fyrirtækjum með háa ávöxtunarkröfu sem hækkar vöruverð fyrir félagsmenn Fjárfestingar eru unnar í samvinnu við Eignastýringu Landsbankann.

Fundarstjóri bar því næst ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

5. Vinnudeilusjóður

Fundarstjóri gaf því næst formanni félagsins orðið sem kynnti tillögu um að setja 20% af afkomu félagssjóðs fyrir fjármagnsliði í vinnudeilusjóð kr. 5.906.254. Orðið var gefið laust en engar spurningar voru. Fundarstjóri bar því næst tillöguna upp til samþykktar og var hún samþykkt einróma.

6. Kosning stjórnar og í aðrar nefndir. Tillaga uppstillinganefndar fyrir aðalfund 2023

Fundarstjóri gaf því næst Þóri Hreinssyni, skrifstofustjóra Bárunnar, stéttarfélags orðið og kynnti hann tillögu uppstillingarnefndar í embætti. Kosinn er varaformaður, þrír meðstjórnendur, öll varastjórn, úthlutunarnefnd vinnudeilusjóðs, kjörstjórn, uppstillingarnefnd, siðanefnd og skoðunarmenn reikninga. Ferill kosninga til embætta er sá að Uppstillinganefnd félagsins hittist 15. mars og stillir upp framboðum á lista. Í uppstillinganefnd eru Jóhanna Guðmundsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir. Því næst er listinn auglýstur og auglýst eftir öðrum framboðum með tilskildum frestum skv. lögum félagsins. Framboðsfrestur rann út um síðustu mánaðarmót en engin mótframboð komu fram. Samþykkt einróma.

Stjórn og nefndir Bárunnar stéttarfélags 2023

Varaformaður (annað hvert ár): Örn Bragi Tryggvason

Meðstjórnendur (annað hvert ár): Ingvar Garðarsson, Magnús Ragnar Magnússon, Helga Sigríður Flosadóttir

Varastjórn (kosið á hverju ári): Hildur Guðjónsdóttir, Sylwia Konieczna, Hugborg Guðmundsdóttir

Úthlutunarnefnd vinnudeilusjóðs: (fyrir hvern aðalfund): Halldóra S Sveinsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Sylwia Katarzyna Konieczna

Til vara: 1. Jóhanna Guðmundsdóttir, 2. Alexander Örn Ingason,

Kjörstjórn Bárunnar stéttarfélags (fyrir hvern aðalfund): Bryndís Rósantsdóttir, Jóhannes Sigurðsson

Til vara: 1. Egill Valdimarsson, 2. Halldóra Sigríður Sveinsdóttir

Uppstillingarnefnd, Bárunnar stéttarfélags (fyrir hvern aðalfund): Kristín Sigfúsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Jóhanna Guðmundsdóttir

Til vara: 1. Heiðar Már Guðnason

Skoðunarmenn reikninga: Þorleifur Sívertsen, Soffía Sigurðardóttir

Til vara: 1. Mateuz Michal Kuc

Siðanefnd (annað hvert ár) Oddur Ástráðsson formaður, Kristín Sigfúsdóttir, Egill Valdimarsson

Til vara: Sigurlaug Ósk Reimarsdóttir, Heiðar Már Guðnason

7. Breytingar á lögum félagsins

Því næst gaf fundarstjóri formanni félagsins orðið. Á auglýstri dagskrá aðalfundar var dagskráliðurinn „breytingar á lögum félagsins fyrri umræða“. Þessi dagskrárlíður fellur niður. Stjórn félagsins hefur áhuga á að stækka félagssvæði félagsins. Starfssvæði félagsins er nú samkvæmt lögum þess: Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Hrunamannahreppur. Stjórn félagsins vill stækka félagssvæðið þannig að það nái einnig yfir Hveragerðisbæ og Sveitarfélagið Ölfus.

Fundarstjóri gaf orðið því næst laust.

Fram kemur hjá fundarmanni að félagsmenn líta á þetta sem eitt atvinnusvæði. Soffía Sigurðardóttir lagði fram eftirfarandi tillögu fyrir fundinn: Aðalfundur Bárunnar, stéttarfélags samþykkir að fela stjórn félagsins umboð til að hefja samtal og viðræður við Eflingu, stéttarfélag varðandi breytingu á mörkum félagssvæða þeirra og leggja áherslu á miklvægi þess að Árnessýsla sé eitt starfssvæði og verði á félagssvæði Bárunnar.

Tillagan var samþykkt einróma.

8. Tillögur stjórnar sjúkrasjóðs

a. Reglugerð sjúkrasjóðs

Halldóra kynnti tillögur stjórnar sjúkrasjóðs að breytingum á reglugerð sjúkrasjóðs.

o Gerð er eftirfarandi tillaga að breytingu á 17. gr. Upplýsingaskylda

Í lið 17.3. segir *Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta.*

Lagt til að því verði breytt í *skylt*. Samþykkt samhljóða.

o Lagt til að grein 17.4. hljóði svo: *Félagið skal endurkrefja bótaþega þegar bætur/dagpeningar eru ofgreiddir á grundvelli rangra upplýsinga eða vegna þess að bótaþegi hefur látið hjá líða að veita eða uppfæra upplýsingar sem hafa áhrif á rétt til bóta. Einnig er heimilt að endurkrefja bótaþega þegar bætur/dagpeningar eru ofgreiddir vegna mistaka af hálfu starfsmanna sjóðsins.*

Samþykkt samhljóða.

o Lagt til að grein 17.5. hljóði svo:

Þegar bótaþegi hefur fengið greiddar bætur/dagpeninga úr sjúkrasjóði en síðar kemur í ljós t.d. fyrir dómstólum að hann hefur átt rétt til frekari greiðslna frá atvinnurekanda s.s. launa í veikindum skal endurkrefja bótaþega.

Samþykkt samhljóða.

b. Kynntar breytingar á Úthlutunarreglum Sjúkrasjóðs Bárunnar, séttarfélags

Fundarstjóri gaf Halldóru orðið sagði frá því að stjórn sjúkrasjóðs hefði ákveðið að bæta í styrki í sjúkrasjóði þar sem sjúkrasjóður stendur vel. Halldóra kynnti breytingar á úthlutunarreglum sjúkrasjóðs sem samþykktar voru á fundi stjórnar sjúkrasjóðs fyrr í mánuðinum en þær eru:

1. Tillögur um breytingar á Úthlutunarreglum Sjúkrasjóðs.

Það þarf að útbúa umboð skv. grein 3.7. Þar segir:

1.7. Óheimilt er að greiða dagpeninga eða styrki inná bankareikning á nafni annars en umsækjanda nema fyrir liggja skriflegt umboð staðfest af vottum

Grein 5.3

a. „Meðferð hjá eftirfarandi aðilum: lögiltum sjúkrabjálfa, sjúkranuddara eða kírópraktor. Greitt er 50% af kostnaði að hámarki 5.000.-kr í fyrsta skipti, hámark 2.000.-kr í hvert skipti eftir það. Hámark 36 skipti á hverjum 12 mánuðum (óháð félagsgjaldi). Yfirlit meðferða verður að fylgja.“

Tillaga að breyta hámark úr kr. 2000 í 2.500 (hækkun). Á móti hækka skiptin úr 36 í 46.

b. “Viðtal hjá sálfræðingi, geðjúkrunarfræðingi, félags eða fjölskylduráðgjafa. Greitt er 50% af kostnaði að hámarki 7.000.- kr. 12 skipti á hverjum 12 mánuðum. Falli viðtal undir afsláttarkjör annarstaðar (t.d. Tryggingarstofnun) fellur rétturinn niður. Yfirlit meðferða verður að fylgja.“

Tillaga að hækka styrkina úr kr. 7.000 í 10.000.

c. „Reglubundin krabbameinsskoðun endurgreiðist að fullu (óháð félagsgjaldi). Hámark endurgreiðslu er 12.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili.“

Krabbameinsskoðun hækkar úr kr. 12.000 í 18.000 á hverju 12 mánaða tímabili. Taka út “reglubundin”.

f. Kaup á gleraugum, linsum eða heyrnatæki. Greitt er 50% af kostnaði að hámarki 50.000.- kr. Hægt er að sækja um styrkinn einu sinni á hverjum 36 mánuðum. Ef styrkur er ekki fullnýttur má nýta hann innan þriggja ára.

Gleraugu og heyrnatæki. Hækka úr kr. 50.000 í 65.000.

j. “Styrkur til líkamsræktar/ heilsueflingar er 50% af kostnaði þó að hámarki 50.000 á hverju almanaksári. Skilgreining á heilsueflingu er viðurkenndar íþróttagreinar samkvæmt ÍSÍ – Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (<http://isi.is/um-isi/vidurkenndar-ithrottagreinar/>) og fellur undir að vera æfinga og/eða aðildargjöld.“

Líkamsrækt hækkun úr kr. 50.000 í 55.000.

k. „Tannlæknakostnaður: Styrkur vegna tannlækninga er að hámarki kr. 20.000 á 12 mánaða tímabil.“

Tannlæknakostnaður hækkar úr kr. 20.000 í 25.000.

m. „Vegna glasafrjónungunarmeðferðar/tæknifrjónungunar greiðist styrkur að hámarki 60.000,- kr í eitt skipti. Ef félagsmaður á rétt á greiðslu frá öðrum aðila fellur réttur hans niður.

n. “Tæknisæðing. Greiðist 35.500,- kr í eitt skipti.“ *Fellur út.*

Fella út lið n og það heldur samt gildi sínu undir lið m. Verðu sama upphæð og m. Þannig að liður n hækkar úr kr. 35.000 í 60.000 undir lið m.

Grein 5.4.

„Samanlagðir styrkir samkvæmt grein 5.3. lið a) til o) er að hámarki 100.000,- kr. á hvern einstakling á 12 mánaða tímabili fyrir fullgreiðandi félagsmann og hlutfallslega ef það á við sbr. gr. 5.6. Styrkir samkvæmt grein 5.3.liðum l) (fæðingastyrkur), p) (dánarbætur) og q)(útfararkostnaður) eru óháðir öðrum styrkjum.“

Samanlagðir styrkir skv. grein 5.3. a) til o) hækka úr kr. 100.000 í 120.000.

Tillaga um breytingu á innihaldi kassa fyrir ofan grein 5.7.

„Réttur til greiðslna styrkja úr sjúkrasjóði stofnast eftir að félagsmaður hefur greitt til sjóðsins í 6 mánuði. Reikningur skal dagsettur eftir að réttur félagsmanns til styrkja stofnast í sjóðnum. Ekki eru greiddir styrkir vegna reikninga sem verða til á þessu 6 mánaða ávinnslutímabili.“

Tillaga að sameina innihaldið við grein 5,8.

Grein 5.8.

5.8. „Athugið að greiðslukvittanir mega ekki vera eldri en 1 árs (m.v. að réttindi liggja fyrir þá). Hægt er að senda greiðslukvittanir í tölvupósti á netfangið: baran@baran.is.“

Bæta inn: Réttindi miðast við dagsetningu nótu. Um að ræða söma túlkun og áður en þarf að útskýra betur. Taka einnig út svigann.

Samþykkt samhljóða.

9. Tillögur stjórnar orlofssjóðs – Reglugerð orlofssjóðs

Fundarstjóri gaf Halldóru orðið og kynnti hún tillögur að breytingum á reglugerð orlofssjóðs. Bergvin las því næst allar tillögur að breytingum upp fyrir fundinn en gerð var tillaga um breytingar á eftirtöldum greinum:

- 6. grein. Úthlutun og starfsreglur

Við greinina bætist ný málsgrein sem verður önnur málsgrein svohljóðandi:

- o *Bárunni, stéttarfélagi er heimilt að semja við önnur félög um samstarf við útleigu orlofshúsa og íbúða. Félagssóknir þeirra félaga getur leigt orlofshús samkvæmt reglum sem stjórn orlofssjóðs setur.*
- o Skýring: SMS félögin huga á samstarf um orlofskosti félaganna þannig að félagssóknir Bárunnar, stéttarfélags geti leigt orlofshús SMS félaganna. Útfærsla er ekki lokið, fyrsta skref er fyrirhugað að unnt sé að leigja orlofshús annarra félaga með stuttum fyrirvara ef þau hafa ekki leigst út. Frekari útfærslur verður að ræða hjá stjórn félagsins en rétt var talið að setja inn í reglugerðina heimild til slíks samstarfs nú.
- o Samþykkt samhljóða

- 9.grein. Umsóknir og réttur til úthlutunar úr sjóðnum

4.mgr. 9. gr. Hún hljóðar nú svo:

Umsóknir skulu vera á eyðublöðum sem fást á skrifstofu félagsins og á heimasíðu þess. Umsóknnum skal skilað á skrifstofu félagsins eða rafrænt samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

Lagt er til að hún hljóði svo:

- *Umsóknir eru rafrænar á orlofsvef á heimasíðu félagsins.*
- Skýring: Umsóknir í sjóðinn hafa nú alfarið færst á rafrænt form. Enn er hægt að koma á skrifstofu og fá aðstoð við umsókn en hún er eki færð á eyðublað heldur beint á rafrænt form.
- Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Engar breytingartillögur komu fram. Fundarstjóri bar upp heildarskjalið með áorðnum breytingum. Samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Formaður bað um orðið.

Verkfall BSRB

Fram kom spurning úr sal um yfirstandandi verkfall BSRB. Halldóra útskýrir að krafa BSRB sé að fá afturvirkni til samræmis við SGS samningana en aldrei hefur áður verið gerð krafa um afturvirkni á gildistíma kjarasamnings. BSRB samningurinn rann út 31. mars en SGS 1. janúar.

Uppsagnir Árborgar

Fyrirspurn barst frá fundarmanni um uppsagnir Árborgar og framkvæmd þeirra. Formaður sagði verið að skoða ýmislegt varðandi þessar uppsagnir.

Happdrætti

Því næst var happdrætti þar sem vinningar sem í boði voru voru helgargistingar í orlofsíbúðum félagsins að eigin vali. Dregið var úr nöfnum allra þátttakenda fundarins.

2.-3. vinning helgargistingu í einni af orlofsíbúðum félagsins unnu Soffía Sigurðardóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir

Formaður þakkaði fyrir fundinn og óskaði gestum góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 21:50

Fylgiskjöl:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reglugerð sjúkrasjóðs samþykkt á aðalfundi
3. Reglugerð orlofssjóðs samþykkt á aðalfundi
4. Úthlutunarreglur sjúkrasjóðs